

43 yrðin fyrir því, að þeir taki þar embættispróf, með því að ráðaneytið, hvað sem 24. maí öðru liður, verður að telja það mjög óheppilegt, að í þessu efni gildi aðrar reglur, sem af atriði eru, um íslenzka stúdenta, en þær er gilda fyrir stúdentana í konungsríkinu. Meðan málið um tilsvarendi breytingar að því er konungsríkið snertir eigi er komið lengra en nú er, getur ráðaneytið eigi fundið ástæðu til að leggja fyrir alþingi frumvarp um breyting á þeirri skipun, sem nú gildir um lærða skólann, í þá átt, sem alþingisfrumvarpið frá 1897 fer, svo verulegar breytingar, sem frumvarp þetta fer fram á.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til þóknaulegrar leiðbeiningar og birtingar í Bdeild Stjórnartíðindanna ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Á síðasta alþingi var borið upp í efri deild af þingmanna hálfu frumvarp til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, sem í öllu verulegu var samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem alþingi 1897 samþykkti, en samkvæmt brjefi hins háa ráðaneytis 27. septbr. 1897 eigi var álitíð til þess fallið, að verða að lögum. Samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, er umgetin deild kaus til þess að íhuga mál þetta, og í voru báðir efórar lærða skólans, náði nefnt lagafrumvarp eigi fram að ganga. — Aptur á móti samþykktu báðar deildir þingsins eptir löglegan undirbúning þingsályktun, þar sem skorað er á stjórnina, sumpart að leita álits kirkju- og kennslumála-ráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi samþykktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, og sumpart, ef slíkt fyrirkomulag eigi álitizt hafa slíka afleiðing í för með sjer, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er byggt sje á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Jafnframt því að senda nefnda alþingisályktun, bæði í þeim búningi, er hún kom í frá þinginu, og í danskri þýðingn, og danska þýðing á umgetnu nefndarálití, leyfi jeg mjör virðingarfullt að fela mál þetta aðgjörðum hins háa ráðaneytis.

44 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtínu og Austur-**
2. maí **amtínu um flutning þingstaðar Borgarfjarðarhrepps.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarfjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Desjarmýri að Bakkagerði, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

45 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtínu og Austur-**
2. maí **amtínu um flutning þingstaðar Þóroddstaðahrepps.** Samkvæmt tillög-

um yðar, herra amtmaðar, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutað- **45**
 eigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Þóroddstaðahreppi í Eyjafjarð- **2. maí**
 arsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki til þess, að þingstaður umgetins hrepps
 sje fluttur frá Þóroddstöðum að Hornbrekku, gegn því að hreppsnefndin annist
 um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu **46**
kirkjujarðar Mjóafjarðarhrepps. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, **7. maí**
 dagsettu 26. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 25. s. m.
 allramildlegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að hálf jörðin
 Hafrafell í Fellahreppi, sem heyrir undir Mjóafjarðarprestakall, verði seld frá
 prestakallinu fyrir 2200 krónur í minnstá lagi, með því skilyrði, að söluandvirðið
 skuli haldast sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og sje
 varið til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef veðdeildar landsbankans, og njóti
 beneficiarius aðeins vaxtanna þaraf, en að nefnd hálfenda verði framvegis
 skoðuð sem bændaeign, að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, til vitundar gefið
 með skírskotun til brjefs yðar frá 20. nóvember f. á., yður til leiðbeiningar og
 frekari ráðstöfunar, að því viðbættu, að bankavaxtabrjef þau, er keypt verða
 samkvæmt þessu, skulu útbúin áritun stiptsyfirvaldanna um það, að brjefin eigi
 megí afhendast frá prestakallinu.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um presta- **47**
kallalán, handa Sauðlauksdalsprestakalli. Samkvæmt tilögum yðar, **4. júní**
 herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 26. f. m., og beiðni
 hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að
 Sauðlauksdal, sjera Þorvaldur Jakobsson, taki 2500 kr. embættislán upp á presta-
 kallíð, til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað íbúðarhús, sem sje 12
 × 12 álnir utanmáls og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem nákvæmara
 er tiltekið í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. — Húsið,
 sem skal verða eign prestakallsins, skal jafnan vera í eldsvoðaábyrgð fyrir
 minnst 3000 kr., og skal presturinn skila því á sínum tíma í gildu standi eða með
 fullu álagi. En þegar það er upp komið, falli niður af núverandi bæjarhúsum:
 baðstofa með stofu undir lopti, anddyri, göng, búrhús og eldhús, og ennfremur and-
 virði seldra hjáleiguhúsa í Dalshúsum, 39 kr. Síðari helmingur láns þessa skal þó
 eigi útborgast lántakanda fyr en áreiðanlega er sannað, að húsið sje fullgert og
 fullnægi settum skilyrðum. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum
 bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á